



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu rafrænna byggingarleyfa

Á fundi borgarráðs þann 12. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 30. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að innleiðing rafrænna byggingarleyfa sé í gangi sbr. kynningu á innleiðingunni á fundi stafræns ráðs 11. janúar sl. Í ljósi þess hversu langan tíma innleiðing rafrænna lausna hjá borginni oft tekur, langar fulltrúann að fá að vita af hverju fjórum vikum var eytt í vigtun pappírs, talningu heimsókna og símtala sem og annarra erinda? Það er löngu vitað að notkun pappírs eykur kolefnisspor og því varla þörf á frekari rannsóknum á því sviði við innleiðingu rafræns. Fulltrúinn vill einnig fá að vita af hverju tölur um fjölda símtala, heimsókna og rafrænna erinda hafi ekki legið fyrir í þjónustuverinu og þess vegna þurft að eyða tíma og fjármunum í mælingar á því sem yfirleitt liggur ljóst fyrir í þjónustuverum annarsstaðar?

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar stafræns ráðs sem vísaði henni til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 26. janúar 2023.

Svar:

Tilgangurinn með vigtuninni og annarri talningu erinda og gagna sem tengjast ferli byggingarleyfa var til þess að geta umfangsmetið áhrif þess að rafvæða umsóknina.

Erindagreiningar eru framkvæmdar í þjónustuverinu við hvert erindi, hins vegar var framkvæmd dýpri erindagreining og tímamælingar til þess að varpa nákvæmara ljósi á vinnusparnað er hlýst af rafrænum byggingarleyfum.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga